

Þess að upphæð 356.965 kr. á ári. Hafi hjón hins vegar tekjur umfram 1.086.048 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

Hjónum, sem bæði njóta örorkulífeyris, en hafa sameiginlegar tekjur sem eru ekki hærri en 724.032 kr. á ári, skal greiða tekjutryggingu sem nemur tvöfaldri tekjutryggingu einhleypings. Hafi hjón hins vegar tekjur umfram 724.032 kr. á ári skal skerða tekjutrygginguna um 45% þeirra tekna sem umfram eru.

Hjón, sem bæði eru lífeyrisþegar, annað örorkulífeyrisþegi, en hitt ellilífeyrisþegi, skulu hafa sömu tekjuviðmið og einhleypir á viðkomandi lífeyrissviði og miðast tekjur hvors þeirra við helming sameiginlegra tekna.

Til tekna sem notaðar eru til viðmiðunar í ákvæði þessu teljast ekki bætur almanna-trygginga, bætur samkvæmt lögum um félagslega aðstoð, húsaleigubætur og fjárhagsaðstoð sveitarfélaga.

b. Í stað orðanna „uppbot á lífeyri“ í 4. mgr. kemur: tekjutryggingu.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1999.

Gjört á Bessastöðum, 22. desember 1998.

Ólafur Ragnar Grímsson.

(L. S.)

Ingibjörg Pálmadóttir.

LÖG

um breytingar á lögum um mannanöfn og hjúskaparlögum.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Breyting á lögum um mannanöfn, nr. 45 17. maí 1996.

1. gr.

Í stað orðanna „16 ára“ í 2., 3. og 4. mgr. 13. gr. laganna kemur: 18 ára.

2. gr.

Í stað orðanna „16 ára“ í 1. og 8. mgr. 14. gr. laganna kemur: 18 ára.

3. gr.

Í stað orðanna „16 ára“ í 16. gr. laganna kemur: 18 ára.

II. KAFLI

Breyting á hjúskaparlögum, nr. 31 14. apríl 1993.

4. gr.

Við 2. másl. 7. gr. laganna bætist: enda liggi fyrir afstaða forsjárforeldra til hjúskaparstofnunarinnar.

III. KAFLI
Gildistaka.
 5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört á Bessastöðum, 22. desember 1998.

Ólafur Ragnar Grímsson.
 (L. S.)

Þorsteinn Pálsson.

LÖG

**um breytingar á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, lögum nr. 3/1987,
 um fjáröflun til vegagerðar, og lögum nr. 29/1993,
 um vörugjald af ökutækjum, eldsneyti o.fl.,
 með síðari breytingum.**

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

I. KAFLI

Breyting á lögum nr. 39/1988, um bifreiðagjald, með síðari breytingum.

1. gr.

2. gr. laganna orðast svo:

Bifreiðagjald á hverju gjaldtímabili er 6,00 kr. fyrir hvert kg af eigin þyngd bifreiðar allt að 1.000 kg, 8,10 kr. fyrir hvert kg af eigin þyngd bifreiðar umfram það að 3.000 kg, en 2.000 kr. af hverju byrjuðu tonni af eigin þyngd bifreiðar umfram það. Þó skal gjaldið ekki vera lægra en 3.000 kr. og ekki hærra en 36.200 kr. á hverju gjaldtímabili.

2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða sem orðast svo:

Greiðendum bifreiðagjalds sem greiddu hærra gjald en 36.200 kr. á 2. gjaldtímabili 1998 skal endurgreiddur mismunurinn á 36.200 kr. og þeirri fjárhæð sem þeir greiddu.

II. KAFLI

**Breyting á lögum nr. 3/1987,
 um fjáröflun til vegagerðar, með síðari breytingum.**

3. gr.

3. mgr. 1. gr. laganna orðast svo:

Bifreiðar erlendra sendisveita, bifreiðar erlendra ræðismanna sem ekki eru íslenskir ríkisborgarar og námubifreiðar sem eingöngu eru notaðar utan vega eða á lokuðum vinnusvæðum eru undanþegnar skattskyldu.

4. gr.

Eftirfarandi breytingar verða á A-lið 4. gr. laganna:

- a. Í stað fjárhæðanna „132.053 kr.“ og „7.555 kr.“ í 2. mgr. kemur: 136.675 kr., og: 7.819 kr.
- b. 3. málsl. 4. mgr. orðast svo: Skráning ökutækis samkvæmt þessari málsgrein tekur gildi um leið og heimild hefur verið veitt og gildir í a.m.k. tólf mánuði.